

239. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 4. febrúar 2025 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fundinn sátu Hafdís Dóra Gunnarsdóttir og Ylfa Örk Davíðsdóttir félagráðgjafanemar.

Fyrir tekið:

1. 2501166 - Endurhæfingarhúsið Hver - aukning á stöðugildum

Beiðni um aukningu á stöðugildi um 0,3 stöðugildi sem dreifist á fjóra starfsmenn Hvers. Fjöldi þjónustuþega hefur aukist undanfarin ár án þess að aukning hafi verið á stöðugildum. Aukin þjónusta Hvers hefur dregið úr álagi í félagsþjónustu.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Thelmu Hrund Sigurbjörnsdóttur forstöðumanni Hvers fyrir greinargóða kynningu á starfsemi Hvers. Ljóst þykir að ef ekki verður um aukningu að ræða þá gæti það komið niður í auknu álagi í félagsþjónustunni.

Velferðar- og mannréttindaráð tekur jákvætt í erindið og leggur til við bæjarráð að það samþykki erindið.

2. 2501352 - Ályktun um stöðu fatlaðra barna í fyrirhuguðu verkfalli kennarasambands Íslands

Ályktun Umhyggju um stöðu fatlaðra barna í fyrirhuguðu verkfalli Kennarasambands Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.